

Sp.

366. Tillaga til þingsályktunar

[191. mál]

um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hvort hagkvæmt er að starfrækja tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

G r e i n a r g e r ð .

Á undanförnum árum hefur komið fram að fyrirhugað er að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Ekki er enn ákveðið hvenær af því verður, en nauðsynlegt er að huga að hinum ýmsu atvinnutækifærum, sem unnt er að skapa í tengslum við rekstur flugstöðvarinnar.

Hlutverk tollfrjáls iðnaðarsvæðis væri í því fólgið að gefa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu tækja, véla o. s. frv., sem síðan yrðu flutt á markað, t. d. í löndum tollabandalaganna EFTA og EBE. Mætti hugsa sér að t. d. japönsk eða amerísk fyrirtæki teldu hagkvæmt að nýta þennan möguleika, einkum vegna þess að þá nytu þau tollfrelsis á mörkuðum tollabandalaganna EBE og EFTA. Hagsmunir Íslendinga yrðu hins vegar í því fólgnir að njóta atvinnunnar er þessi starfsemi skapaði.

Þá er hugsanlegt að erlend fyrirtæki gætu notað svæðið sem vöruheymslu. Vegna legu sinnar á flugleiðum Atlantshafsins er Keflavíkurflugvöllur ákjósanlegur staður til þess að geyma iðnaðarvörur og dreifa þeim síðan austur og vestur.

Ávinningurinn af því að geyma vörur á tollfrjálsu iðnaðarsvæði væri aðallega sá, að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða í innflutningsland fyrr en raunverulega þarf á vörinni að halda.

Á síðustu árum hefur bryddað á atvinnuleysi á Suðurnesjum, sem rekja má til aflabrests og annarra erfiðleika, m. a. afskiptaleyfis stjórnvalda. Þótt aflabrogð bötnuðu má reikna með að það dugi skammt, því talið er að í framtíðinni muni sjávarútvegur engan veginn fær um að taka við því aukna vinnuafli, sem leiðir af eðlilegri fólksfjölgun.

Aukin áhersla á iðnþróun er því það ráð, sem flestir eru sammála um að verða megi til lausnar þessu vandamáli, og sökum smæðar heimamarkaðarins er líklegt að iðnaðarframleiðsla til útflutnings þurfi til að koma. Ljóst er að takist myndarlega til við rekstur tollfrjáls iðnaðarsvæðis mundi það skapa fjölda starfstækifæra jafnt fyrir faglært sem ófaglært fólk.

Árið 1959 var tollfrjálst iðnaðarsvæði sett á stofn við Shannon-flugvöll á Írlandi. Er það var gert vantaði allt til alls á staðnum og vinnuafl varð að sækja til Limerick í 25 km fjarlægð. Í nágrenni Shannon var komið upp heilum kaupstað með öllum þeim kostnaði og fyrirhöfn sem því er samfara. Ýmsar ráðstafanir voru og gerðar til að laða erlend fyrirtæki að og bar sú viðleitni góðan árangur. Nú hafa þúsundir manna atvinnu við tollfrjálsa iðnaðarsvæðið við Shannon. Afkoma þeirra, er þarna vinna, er mun betri en annars staðar gerist á Írlandi, og er af kunnugum talið, að bæði fyrir Shannon-flugvöll og írsku þjóðina í heild hafi starfsemi hins tollfrjálsa iðnaðarsvæðis á Shannon reynst jafnvel betri lyftistöng en hinir hjartsýnustu höfðu gert sér í hugarlund.

Keflavíkurflugvöllur stendur að mörgu leyti betur að vígi en Shannon er starfsemi þessi hófst þar. Í næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar húa tæplega 13 þúsund manns og höfuðborgin í aðeins 50 km fjarlægð frá vellinum. Þá eru og hafnir í lítilli fjarlægð frá vellinum. En rétt er að hafa í huga að tollfrjálsa iðnaðarsvæðið þyrfti ekki að vera bundið við flugið eingöngu.

Auk þess má á það benda, að ef varnarliðið fer héðan losnar gífurlega mikið húsnæði sem nota mætti í sambandi við umrætt iðnaðarsvæði.

Írar hafa gert margvíslegar aðrar ráðstafanir en hér er getið til þess að auka flugumferð um Shannon. Ekki er fráleitt að um uppbyggingu tollfrjáls iðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli mætti margt læra af reynslunni á Shannon.

Að lokum skal þess getið, að samkvæmt aðalskipulagi af flugvallarsvæðinu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði í grennd fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar.